

Veikindi

Leikskólinn getur ekki tekið á móti veiku barni. Nauðsynlegt er að barnið jafni sig vel af veikindunum heima og mæti aftur í leikskólann frískt og tilbúið að taka þátt í öllu skólastarfi, jafnt úti sem inni. Börnum eru ekki gefin lyf í leikskólanum nema í undantekninga tilfellum og þá í samráði við leikskólastjóra.

Heimasíða og Karellen

Reykjakot er með heimasíðuna: www.reykjakot.leikskolinn.is.



Þar er að finna ýmsar mikilvægar upplýsingar um leikskólann og starfsemi hans. Skólinn notar Karellen leikskóla-

kerfið sem foreldrar þurfa að skrá sig inn í. Það gera þeir með því að fara inn á heimasíðu Reykjakots og smella þar á innskráning í Karellen. Smella síðan á virkja aðgang. Þar skráir foreldri netfang sitt sem það gaf upp á upplýsingablaði barns síns. Þá fær foreldri sendan tengil í tölvupósti sem það fer inn á og velur sér sitt eigið lykilorð. Þá kemst viðkomandi foreldri inn í kerfið með því að skrá notendanafn sitt sem er kennitala og það lykilorð sem það bjó til sjálf. Einnig er hægt að ná í Karellen app í App store og Google play. Inn í Karellen kerfinu getur foreldri skráð barn sitt veikt eða í leyfi, hefur meiri aðgang að samskiptum við kennara síns

barns, skoðað myndir af sínu barni og fleira.

Tilkynningar um fjarveru

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta vita ef barnið kemur ekki í leikskólann. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Karellen eða hringja í síma 566-8606.

Útivera

Við förum í útiveru á hverjum degi nema þegar slæmt veður hamlar útivist. Útivera er mikilvægur þáttur í þroska hvers barns og njótum við góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar sem við nýtum mikið í starfi okkar utan leikskólalóðar.




Skóladagatal

Á hverju hausti er haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra. Þar er starfsemi leikskólans kynnt. Á sama tíma er skóladagatal Reykjakots birt á heimasíðu skólans. Þar gefur að líta dagskrá skólaársins og fyrirhugaðar uppkomur, skemmtanir og lokanir. Starfsdagar leikskólans koma fram á skóladagatali hvers árs. Þessa daga er leikskólinn lokaður. Auk þessara daga er leikskólinn lokaður alla lögbundna frídaga.



Foreldrabæklingur Reykjakots



Velkomin í Reykjakot

Leikskólinn Reykjakot tók til starfa 25. febrúar 1994 og byggir starfshætti sína á Aðalnámskrá leikskóla (2011), skólastefnu Mosfellsbæjar (2002) og námskrá Reykjakots.

Leikskólinn er 4 deildir og starfar í 2 húsum. Tvær yngri deildirnar eru í Litlakoti, Guli- og Grænikjarni og tvær eldri í Stórakoti, Rauði- og Bláikjarni. Skólinn er staðsettur við Krókabyggð 2 í Mosfellsbæ.

Leikskólinn Reykjakot leggur áherslu á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu, leik og skynjun en hugmyndafræði skólans byggir m.a. á kennsluáferðinni "Leikur að læra" þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði, bókstafa- og hljóða-, lita og formkennslu er höfð að leiðarljósi. Snemmtæk íhlutun er notuð markvisst í starfi skólans. Reykjakot starfar sem heilsuefandi leikskóli á vegum Embætti landlæknis og leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilorðum sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Útivera er mikilvægur þáttur í þroska hvers barns og njótum við góðs af stórkostlegri og ósnortinni náttúru Mosfellsbæjar sem við nýtum mikið í starfi okkar utan leikskólalóðar.

Leikskólastjóri er Þórunn Ósk Þórarin-
sdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er
Kristlaug Þ. Svavarsdóttir.
Viðtalstími leikskólastjóra eða stað-
gengils hans er daglega frá kl. 9 til 10.

Opnunartími

Leikskólinn er opinn á alla virka daga frá
kl. 7.30.

Barn má þó aldrei dvelja lengur en 9
tíma á dag.

Vistunarsamningur er gerður við upphaf
leikskólágöngu og getur barn minnst
dvalið 4 tíma.

Mikilvægt er að foreldrar virði um-
saminn vistunartíma barnanna sinna því
allt starfsmannahald tekur mið af þeim.

Matur

Maturinn í leikskólanum er
í samræmi við ráðleggingar
Embættis landlæknis
um mataræði. Við höfum
Handbók um leikskóla-
eldhús að leiðarljósi við
matargerð á Reykjakoti. Góðar matar-
venjur barna skapast af umhverfinu sem
þau búa við og er mælt með að starfs-
fólk leggi sig fram við að skapa rólegt og
notalegt andrúmsloft við matarborðið.
Það er mikilvægt að bjóða upp á hollan
mat en það er ekki síður mikilvægt að
starfsfólk taki þátt í máltíðinni með
börnunum og að samskipti og samtal um
matinn byggja á jákvæðum skilaboðum

um hollustu og gæði matarins.
Fæðuóþol eða ofnæmi: Skila þarf inn
vottorði frá lækni sem staðfestir og
gefur upplýsingar um málið. Vottorð þarf
að endurnýja árlega.



Svefn

Hvíldar og svefnáætlun Reykjakots
gerir ráð fyrir hvíld og svefni hjá 1-3 ára
börnum. Það eru aðallega börn sem eru
á Gulakjarna og Grænakjarna.
Boðið verður upp á tvo möguleika í hvíld-
arstund yngstu barnanna á Reykjakoti.

Hvíld 1

Börnin fara í hvíld 12:00 (eftir hádegis-
mat) og hvíld stendur til 14:00. Þá er
dregið frá og kveikt á rólegri tónlist eða
starfsmaður spjallar við börnin og þá
geta börnin geti vaknað í rólegheitum
Sum börn þurfa styttri svefn og gæti
hentað þeim betur hvíld 2.

Hvíld 2

Börnin fara í hvíld 12:00 (eftir hádegis-
mat) hvíld er í 45 mínútur. Þá verður
dregið frá og kveikt á rólegri tónlist eða
starfsmaður spjallar við börnin.
Við viljum með þessu, minnka streitu og
auka gæði hvíldarstundar fyrir börnin á
Reykjakoti

Aðlögun

Mikilvægt er að standa vel að aðlögun
barns frá upphafi því það getur haft áhrif
á alla leikskólágöngu barnsins. Það er
ný reynsla fyrir barnið og foreldra þegar
barn byrjar í leikskóla. Mikilvægt að gefa
barninu góðan tíma til að ná öryggi í
nýju umhverfi og að kynnast starfsfólki
deildarinnar og hinum börnunum. Áætla
þarf u.þ.b. viku í aðlögun barns í leikskóla
en áætlun er gerð fyrir hvert barn í sam-
vinnu við foreldra.



Afmæli

Þegar börn eiga
afmæli er haldið upp á
það hér í leikskólanum.
Afmælisbarnið fær
kórónu, byður öllum
börnunum á kjarna-
num upp á ávexti og
sungið er fyrir það.

Það er ekki venjan að foreldrar komi
með veitingar að heiman.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Reykjakots stendur fyrir
ýmsum uppakomum ár hvert. Sem dæmi
má nefna að í desember stendur félagið
fyrir ferð í Hamrahlíðarskóg, kaupir
jólaljóf handa börnunum sem jólasveinn-
inn kemur með á jólaballið og tekur einnig
þátt í vorhátíð leikskólans. Ný stjórn
foreldrafélagsins er kosin á foreldrafundi í
september og er mikilvægt að a.m.k. einn
fulltrúi sé frá hverjum kjarna.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, einu sinni
á haustönn og einu sinni á vorönn.
Foreldrar geta hvenær sem er óskað
eftir viðtali við deildarstjóra, sérkennslu-
stjóra eða leikskólastjóra.

Hvað þarf barnið

að koma með í leikskólann

Mikilvægt er að barnið hafi þau útiföt
sem henta hverju sinni. Í hólfu barnsins
verður alltaf að vera pollagalli, stígvél,
þykk peysa (flíspeysa), ullarsokkar, húfa
og vettlingar. Í körfunni í fataklefa verða
að vera aukaföt s.s. nærföt, sokkar,
sokkabuxur (gammósíur), buxur og
peysa. Einnig er gott að hafa meðferðis
auka vettlinga og húfu ef blautt og kalt
er í veðri. Á sumrin er nauðsynlegt að
vera með léttan sumarjakka og/eða
peysu, derhúfu eða sólhatt.

Öryggi og ábyrgð

Mikilvægt er að foreldrar
hugi vel að öryggi barna
sinna og fylgi þeim ætíð í
leikskólann. Nauðsynlegt er
að tilkynna starfsmönnum
á deild barnsins þegar það
er komið og eins þegar barnið fer heim.
Ekki er heimilt að senda börn undir 12
ára aldri að sækja leikskólabarnið. Ef
einhver annar en foreldri sækir barnið
þarf að láta starfsfólk kjarnans vita
sérstaklega samdægurs.

